

REGLUR

um aðferðir við magngreiningu textíltrefjablandna.

1. gr.

Á grundvelli samningsins um Evrópska efnahagssvæðið og ákvárdana sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 45/1998 frá 29. maí 1998 og 145/2006 frá 3. desember 2006 skulu ákvæði samningsins um Evrópska efnahagssvæðið, sem vísað er til í 2.-3. tölul. XI. hluta II. viðauka, gilda með þeim breytingum og viðbótum sem leiðir af II. viðauka, bókun 1 og öðrum ákvæðum samningsins, sbr. lög um Evrópska efnahagssvæðið nr. 2/1993, með áorðnum breytingum.

2. gr.

- Eftirtaldar EB-gerðir gilda því hér á landi, sbr. 1. gr.:
- Tilskipun ráðsins 73/44/EBC frá 26. febrúar 1973 um samræmingu á lögum aðildarríkjanna um magngreiningu textíltrefjablandna úr þremur efnum.
 - Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 96/73/EB frá 16. desember 1996 um tilteknar aðferðir við magngreiningu textíltrefjablandna úr tveimur efnum.
 - Tilskipun framkvæmdastjórnarinnar 2006/2/EB frá 6. janúar 2006 um breytingu, að því er varðar aðlögun að tækniframförum, á II. viðauka við tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 96/73/EB um tilteknar aðferðir við magngreiningu textíltrefjablandna úr tveimur efnum.

3. gr.

EBC-gerðin, sem vísað er til í a-lið, er birt í sérriti utanríkisráðuneytisins vegna birtingar EES-samningsins (S 14), sbr. auglýsingi í C-deild Stjórnartíðinda nr. 31/1993.

Ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar og EB-gerðin, sem vísað er til í b-lið, eru birtar í EES-viðbæti við Stjórnartíðindi EB, 6. árgangi, hefti nr. 6 (4. febrúar 1999), bls. 137 (ákvörðunin) og bls. 138-182 (gerðin).

Ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar og EB-gerðin, sem vísað er til í c-lið, eru birtar í EES-viðbæti við Stjórnartíðindi EB (ákvörðunin í 14. árgangi, hefti nr. 15 (29. mars 2007), bls. 11). EB-gerðin er jafnframt birt sem fylgiskjal með reglum þessum.

4. gr.

Brot gegn reglum þessum varða viðurlögum skv. 22. og 26. gr. laga nr. 57/2005 um eftirlit með óréttmætum viðskiptaháttum og gagnsæi markaðarins.

5. gr.

Reglur þessar, sem innleiða framangreindar tilskipanir 96/73/EB og 2006/2/EB og eru settar með heimild í 18. gr. laga nr. 57/2005 um eftirlit með óréttmætum viðskiptaháttum og gagnsæi markaðarins, öðlast gildi við birtingu.

Neytendastofu, 24. apríl 2007.

Tryggvi Axelsson.

Hjördís Björk Hjaltadóttir.

Nr. 408

24. apríl 2007

Fylgiskjal.

TILSKIPUN FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR 2006/2/EB

frá 6. janúar 2006

um breytingu, að því er varðar aðlögun að tækniframförum, á II. viðauka við tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 96/73/EB um tilteknar aðferðir við magngreiningu textiltrefjablandna úr tveimur efnunum

(Texti sem varðar EES)

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUBANDALAGANNA HEFUR,

SAMÞYKKT TILSKIPUN ÞESSA:

með hliðsjón af stofnsáttmála Evrópubandalagsins,

með hliðsjón af tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 96/73/EB frá 16. desember 1996 um tilteknar aðferðir við magngreiningu textiltrefjablandna úr tveimur efnunum (¹), einkum 2. mgr. 5. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) Í tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 96/74/EB frá 16. desember 1996 um textilheiði (²) er þess krafist að í merkingum komi fram trefjasamsetning textílvara og kanna skal með greiningu hvort þær séu í samræmi við ábendingar á merkimiða.
- 2) Í tilskipun 96/73/EB er kveðið er á um samræmdar aðferðir við magngreiningu textiltrefjablandna úr tveimur efnunum.
- 3) Á grundvelli nýlegra niðurstaðna frá tæknilegum vinnumhópi var tilskipun 96/74/EB aðlöguð tekniframförum með því að bæta við trefjunum pólýlaktíð og elastófjölester við skrána yfir trefjar í I. og II. viðauka við þá tilskipun.
- 4) Því er nauðsynlegt að skilgreina samræmdar prófunaraðferðir fyrir pólýlaktíð og elastófjölester.
- 5) Því ber að breyta tilskipun 96/73/EB til samræmis við það.
- 6) Ráðstafanirnar, sem kveðið er á um í þessari tilskipun, eru í samræmi við álit nefndarinnar um tilskipanir um textilheiði og merkingar textílvara.

I. gr.

Ákvæðum II. viðauka við tilskipun 96/73/EB er breytt í samræmi við viðaukann við þessa tilskipun.

2. gr.

1. Aðildarríkin skulu samþykka nauðsynleg lög og stjórn-sýslufyrirmeli til að fara að tilskipun þessari eigi síðar en 6. janúar 2007. Þau skulu þegar í stað senda framkvæmdastjórninni texta þessara ákvæða og samsvörunartöflu milli viðkomandi ákvæða og þessarar tilskipunar.

Þegar aðildarríkin samþykka þessi ákvæði skal vera í þeim tilvísun í þessa tilskipun eða þeim fylgia slík tilvísun þegar þau eru birt opinberlega. Aðildarríkin skulu setja nánari reglur um slika tilvísun.

2. Aðildarríkin skulu senda framkvæmdastjórninni helstu ákvæði úr landslögum sem þau samþykka um málefni sem tilskipun þessi tekur til.

3. gr.

Tilskipun þessi öðlast gildi á tuttugasta degi eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*.

4. gr.

Tilskipun þessari er beint til aðildarríkjanna.

Gjört í Brussel 6. janúar 2006.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,

Günter VERHEUGEN

varaforseti.

(¹) Sjtið. EB L 32, 3.2.1997, bls. 1. Tilskipuninni var breytt með reglugerð (EB) nr. 1882/2003 (Sjtið. ESB L 284, 31.10.2003, bls. 1).

(²) Sjtið. EB L 32, 3.2.1997, bls. 38. Tilskipuninni var síðast breytt með tilskipun framkvæmdastjórnarinnar 2004/34/EB (Sjtið. ESB L 89, 26.3.2004, bls. 35).

VIDAUÐI

Ákvæðum 2. kafla II. viðauka við tilskipun 96/73/EB er breytt sem hér segir (¹):

1. Sérstakar aðferðir – Í stað yfirlitstöflunnar komi eftirfarandi:

,,2. SÉRSTAKAR AÐFERÐIR – YFIRLITSTAFLA

Aðferðir	Notkunarvið		Hvarfefni
Nr. 1	Asetat	Tilteknar aðrar trefjar	Aseton
Nr. 2	Tilteknar prótintrefjar	Tilteknar aðrar trefjar	Hýpóklórít
Nr. 3	Viskósa, kúpró eða tilteknar gerðir módals	Baðmull	Maurasýra og sinkklórið
Nr. 4	Pólýamíð eða nælon	Tilteknar aðrar trefjar	80% maurasýra m/m
Nr. 5	Asetat	Tríasetat	Bensýlalkóhól
Nr. 6	Tríasetat eða pólýaktíð	Tilteknar aðrar trefjar	Díklórmétan
Nr. 7	Tilteknar beðmistrefjar	Pólýester eða elastófjölester	75% brennisteinssýra m/m
Nr. 8	Akrýltreifar, tilteknar módaakryltreifar eða tilteknar klórtrefjar	Tilteknar aðrar trefjar	Dímetýlformamíð
Nr. 9	Tilteknar klórtrefjar	Tilteknar aðrar trefjar	Kolefnisdísulfíð/Aseton, 55,5/44,5 v/v
Nr. 10	Asetat	Tilteknar klórtrefjar	Ísedik
Nr. 11	Silki	Ull eða dýrahár	75% brennisteinssýra m/m
Nr. 12	Júta	Tilteknar dýratrefjar	Aðferð með ákvörðun köfnunarefnisinnihalds
Nr. 13	Pólýprópýlen	Tilteknar aðrar trefjar	Xýlen
Nr. 14	Tilteknar aðrar trefjar	Klórtrefjar (einsleitar fjölliður vínyíklóríðs)	Aðferð með óblandaðri brennisteinssýru
Nr. 15	Klórtrefjar, tilteknar gerðir módaakryla, tilteknar gerðir elastans, asetöt, tríasetöt	Tilteknar aðrar trefjar	Sýklóhexanon“

2. Í stað liðar 1.2 í aðferð nr. 1 komi eftirfarandi:

,,2. ull (1), dýrahári (2 og 3), silki (4), baðmull (5), hör (7), hampi (8), jútú (9), abaka (10), alfa (11), kókostrefjum (12), gíflí (13), ramí (14), sisali (15), kúpró (21), módal (22), prótini (23), viskósu (25), akrýli (26), pólýamíði eða næloni (30), polyester (34) og elastófjölester (45)“.

3. Í stað liðar 1.2 í aðferð nr. 2 komi eftirfarandi:

,,2. baðmull (5), kúpró (21), viskósu (25), akrýli (26), klórtrefjum (27), pólýamíði eða næloni (30), pólýester (34), pólýprópýleni (36), elastan (42), glertrefjum (43) og elastófjölester (45)“.

4. Í stað liðar 1.2 í aðferð nr. 4 komi eftirfarandi:

,,2. ull (1), dýrahári (2 og 3), baðmull (5), kúpró (21), módal (22), viskósu (25), akrýli (26), klórtrefjum (27), pólýester (34), pólýprópýleni (36), glertrefjum (43) og elastófjölester (45)“.

(¹) Númeraröð trefjanna: 1. Pólýester (34), áður (31), 2. pólýprópýlen (36), áður (33), 3. elastan (42), áður (39), 4. glertrefjar (43), áður (40), sjá tilskipun 96/74/EB, eins og henni var breytt með tilskipun 97/37/EB (Stjórn. EB L 169, 27.6.1997, bls. 74).

5. Aðferð nr. 6 er breytt sem hér segir:

- a) Í stað liðar 1.2 í aðferð nr. 6 komi eftirfarandi:

,,1. NOTKUNARSVIÐ

Þessi aðferð er notuð, eftir að önnur efni en trefjar hafa verið fjarlægð, fyrir blöndur úr tveimur efnum:

1. triasetati (24) eða pólýlaktíð (33a)

og

2. ull (1), dýrahári (2 og 3), silki (4), baðmull (5), kúpró (21), módal (22), viskósu (25), akrýli (26), pólýamíði eða næloni (30), pólýester(34), glertrefjum (43) og elastófjólester (45)“.

Athugasemd

Triasetattrefjar, sem hafa verið gljábörnar og það hefur leitt til vatsrofs að hluta, eru ekki að öllu leyti leysanlegar í hvarfesfinu. Í þeim tilvikum er aðferðin ónothaef.

2. MEGINREGLA

Triasetattrefjarnar eða pólýlaktíðtrefjarnar, í þekktum, þurrum efnismassa af blöndunni, eru leystar upp með díklórmétani. Óleysanlega hlutanum er safnað saman, hann þveginn, þurkaður og veginn; efnismassi hans, leiðréttur ef nauðsyn krefur, er gefinn upp sem hundraðshlutி þurrs efnismassa blöndunnar. Hundraðshlutி þurrs triasetats eða pólýlaktíðs er mismunurinn“.

- b) Í stað 5. liðar komi eftirfarandi:

,,5. ÚTREIKNINGUR OG FRAMSETNING NIDURSTADNA

Reikna skal niðurstöður út á þann hátt sem er lýst í almennu leiðbeiningunum. Gildi „d“ er 1,00 nema þegar pólýester og elastófjólester eru annars vegar en þá er það 1,01“.

6. Í stað liðar 1.2 í aðferð nr. 7 komi eftirfarandi:

- ,,2. pólýester (34) og elastófjólester (45)“.

7. Aðferð nr. 8 er breytt sem hér segir:

- a) Í stað liðar 1.2 komi eftirfarandi:

- ,,2. ull (1), dýrahári (2 og 3), silki (4), baðmull (5), kúpró (21), módal (22), viskósu (25), pólýamíði eða næloni (30), pólýester (34) og elastófjólester (45)“.

- b) Í stað 5. liðar komi eftirfarandi:

,,5. ÚTREIKNINGUR OG FRAMSETNING NIDURSTADNA

Reikna skal niðurstöður út á þann hátt sem er lýst í almennu leiðbeiningunum. Gildi „d“ er 1,00 nema í eftirfarandi tilvikum:

ull 1,01

baðmull 1,01

kúpró 1,01

módal 1,01

pólýester 1,01

elastófjólester 1,01“

Nr. 408

24. apríl 2007

8. Í stað liðar 1.2 í aðferð nr. 9 komi eftirfarandi:

„2. ull (1), dýrahári (2 og 3), silki (4), baðmull (5), kúpró (21), módal (22), viskósu (25), akrýli (26), pólýamíði eða næloni (30), pólýester (34), glertrefjum (43) og elastófjólester (45)“.

9. Í stað liða 1.1 og 1.2 í aðferð nr. 13 komi eftirfarandi:

„1. pólýprópýlentrefjum (36)

og

2. ull (1), dýrahári (2 og 3), silki (4), baðmull (5), asetati (19), kúpró (21), módal (22), trúasetati (24), viskósu (25), akrýli (26), pólýamíði eða næloni (30), pólýester (34), glertrefjum (43) og elastófjólester (45)“.

10. Í stað liðar 1.2 í aðferð nr. 14 komi eftirfarandi:

„2. baðmull (5), asetati (19), kúpró (21), módal (22), trúasetati (24), viskósu (25), tilteknum akrýlum (26), tilteknum móðakrýlum (29), pólýamíði eða næloni (30), pólýester (34) og elastófjólester (45)“,

B-deild – Útgáfud.: 10. maí 2007